

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 15. apríl 2020

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um viðskiptaleyndarmál

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 17. mars 2020. Frumvarpið felur m.a. í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/943/ESB frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskipti (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um viðskiptaleyndarmál sem munu leysa af hólmi 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

SA fagna frumvarpinu og telja það mikla réttarbót enda gegna viðskiptaleyndarmál lykilhlutverki í samkeppnishæfni fyrirtækja. Með afnámi stjórnarsýslueftirlits Neytendastofu er jafnframt stuðlað að einföldun regluverks og eftirlits sem er jafnframt mjög til bóta. SA vilja hins vegar koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum varðandi 5. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. tilskipunar 2016/943/ESB er fjallað um undanþágur. Þar segir að aðildarríki skulu tryggja að beiðni um beitingu ráðstafana, verklagsreglna og úrræða sem kveðið er á um í tilskipuninni verði vísað frá þegar meint öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmálsins fór í fram í einhverjum eftirfarandi tilvikum. Um tilvikin er fjallað í fjórum liðum, a-d. Í b-lið segir: „til að sýna fram á misferli, brot eða ólöglega starfsemi, svo fremi að stefndi hafi gert það í því skyni að vernda almannahagsmuni.“ A-liður 5. gr. fyrirbyggjandi frumvarps er innleiðing á þessu ákvæði tilskipunarinnar og fjallar um vernd uppljóstrara. Þar segir að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. teljist öflun, notkun og afhjúpun viðskiptaleyndarmáls ekki ólögmæt ef hún á sér stað til að ljósra upp lögbrotum eða annarri ámælisverðri háttsemi svo fremi það í því skyni að vernda almannahagsmuni. Tilskipunin er lágmarkstilskipun í þeim skilningi að aðildarríkjum er heimilt að ganga lengra en ákvæði hennar gera. Tilskipunin kveður á um misferli, brot eða ólöglega starfsemi sem ljósrað er upp um til þess að vernda almannahagsmuni. Í frumvarpinu er hins vegar talað um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp forsætisráðherra til laga um vernd uppljóstrara. SA hafa skilað umsögnum um það frumvarp og m.a. gert athugasemdir við óskýrt orðalag hugtaka sem sem eiga að verða grundvöllur verndar uppljóstrara. Eitt þessara hugtaka er ámælisverð háttsemi sem er verulega matskennt og óljóst. Það sem einum finnst ámælisverð háttsemi kann öðrum að þykja eðlileg hegðun. Með svo óljósu hugtaki í lagatexta getur skapast hættu á miðlun upplýsinga, þ.m.t. viðskiptaleyndarmála, án þess að nokkurt brot liggi fyrir. Það getur haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar og tjón. Að mati SA er orðalag tilskipunarinnar skýrara og ætti frumvarpið að taka mið af því.

SA telja mikilvægt að frumvarpið verði að lögum að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir
Heiðrún Björk Gísladóttir